



Norrænu brúarverðlaunin 2020.

Norrænu brúarverðlaunin eru veitt fjórða hvert ár og eru kynnt af Norræna vegasambandinu (NVF) og brúartækninefnd NVF. Þau eru veitt fyrir framúrskarandi framlag á sviði brúarverkfræði, með sérstöku tilliti til notagildis þeirra á Norðurlöndunum. Verðlaunin eru veitt eiganda brúarinnar, eða fulltrúa hans við hátíðlega athöfn á Via Nordica 2020 ráðstefnunni, sem haldin verður í Malmö 10. – 12. júní 2020 (https://mkon.nu/via_nordica). Þar verður kynning á verðlaunabrunni. Einnig eru kynntar bryrnar, sem hljóta tilnefningu, á svæði brúarnefndarinnar.

Verðlaunin fyrir árið 2020 eru veitt fyrir nýja brú eða endurgerð brúar, sem er staðsett á Norðurlöndunum og verkið hefur verið fullunnið á árunum 2012 til júní 2020.

Verkið skal vera eftirtektarvert, frumlegt, skapandi eða á annan hátt hvetja til mikilvægs framlags á sviði brúarverkfræði. Stærð brúarinnar skiptir ekki mál.

Senda skal tilnefningu um brú á Íslandi til fulltrúa NVF brúarnefndarinnar Guðrúnar Þóru Garðarsdóttur, Vegagerðinni, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, fyrir 31. október 2019.

Tillagan skal innihalda:

- ✓ stutta lýsingu og ljósmynd af brúnni
- ✓ lýsingu á verðleikum og framkvæmd
- ✓ upplýsingar um tengilið